

Fundur í stjórn UÍA haldin á Egilsstöðum þann 13.11.2018

á skrifstofu UÍA kl. 18:00

Mætt eru Gunnar Gassi Gunnarsson, Gunnar Gunnarsson, Pálína Margeirsdóttir, á síma er Jósef A. Friðriksson, Benedikt Jónsson boðaði forföll og Auður Vala Gunnarsdóttir mætti kl.19:00

1. Síðasta fundagerð: Engar athugasemdir gerðar og fundagerð samþykkt samhljóma.
2. Innsend erindi: Enginn innsend erindi liggja fyrir fundinum.
3. Skýrsla skrifstofu: a) GGG segir frá fundi sem áætlaður er í Reykjavík næstkomandi föstudag þann 16.nóvember en þangað fara þeir GGG og GG. Þetta er fundur vegna 50+ sem haldið verður í Neskaupstað í júní 2019 fundurinn er á vegum UMFÍ og gert er ráð fyrir að fara betur yfir málin einnig er byrjað að þreifa á fólki í stöður og upplýsir GGG að nafn Jósefs hafi komið upp í tali um gjaldkera og spyr Jósef hvort hann muni tilbúin í það ef eftir því verði leitað ? Jósef gefur grænt ljós á það.
b) Bólholtsbikarinn er komin á stað og eru 6 lið skráð til keppni og munu að lokum 4 lið keppa til úrslita í vor.
c) Fyrri úthlutun Spretts hefur farið fram og er búið að tala við alla sem fengu en eftir er að láta einhverja vita sem ekki fengu. Dagmar Ýr Stefánsdóttir hjá Alcoa hefur rætt við GGG að jafnvel standi til að veita auka milljón í verkefnið á næsta ári og hefur úthlutunarnefnd aðeins rætt í hvað sú milljón ætti að fara og hvort rétt væri að bæta í styrkjaflórana.
d) Nú þarf að fara að spíta í lófanna vegna útgáfu Snæfells, þar liggur mest á að fara að safna auglýsingum og stefnir GGG á að sú vinna fari á fullt í næstu viku, einnig spyr hann stjórnarmenn hvort þeir séu tilbúnir að hjálpa til við fyrirtæki þar sem þeir þekkja til og eru í þeirra heimabyggð, það gæti hjálpað. Jósef og Pálína taka vel í það. Enn hefur ekki tekist að finna einhvern sem gæti tekið að sér að skrifa aðalviðtalið og jafnvel að vinna meira við blaðið, GG upplýsir að hann vilji gjarnan fara að draga sig meira út úr því meðal annars sökum anna. Komin er góð hugmynd að viðmælanda en eftir á að tala við viðkomandi.
e) GGG og GG gerðu grein fyrir fundi sem þeir félagar sóttu til Ísafjarðar 20. og 21. október. Þeir létu vel af ferðinni og þá sérstaklega erindi Auðar og gerir GG ráð fyrir að hluti af því verði í væntanlegu Snæfelli.
f) GGG og GG gera grein fyrir að þeir séu að fara á formannafund og ráðstefnu á vegum ÍSÍ þann 16.nóvember.
4. Fjármál: a) Jósef spyr hvort komin sé niðurstaða í flugeldareikninginn frá Landsmóti svo er ekki en uppi eru hugmyndir um að athuga hvort björgunarsv. geti jafnvel breytt reikningnum í styrk og þá dettur VSK út, einnig er ekki komið á hreint hvort UMFÍ muni eitthvað koma til móts við okkur í þessu máli, en þeir GGG og GG ætla að minnast á það á föstudagsfundinum.

b) Unnur bókari náði því miður ekki að gera uppgjör af því sem búið er af árinu en það verður jafnvel tilbúið eftir nokkra daga og þá spurning um að GGG og Jósef gjaldkeri hendi því eitthvað á milli sín til skoðunar.

5) Fræðsla: Miklar umræður voru um hvað okkur finnst vanta og hvað við getum gert og hvernig og fyrir hvaða hóp.

Iðkendur, þjálfarar, stjórnarfolk foreldra ?

Ýmsar góðar hugmyndir komu fram alls konar hugmyndir um forvarnir , hvaða tími væri bestur hvernig ætti að fá fólk til að mæta og svo framvegis. Allt gott að fá þekkt nafn til að laða að og nota í bland við einhverja í okkar nærumhverfi eigum fullt af flottu fólk sem gæti verið með alls konar erindi. Hugmyndir sem upp komu voru t.d Jón Jónsson, Þóra Elín Sjúkrþjálfari, Heimir Þorsteinsson, Sýnum Karakter, blátt áfram, Hafrún hefur verið að halda flotta fyrirlestra um að setja sér markmið, hvað þarf til að ná árangri hvernig setur maður sér markmið og nær þeim og svo framvegis. Einnig rætt um mikilvægi þess að bjóða uppá tvær staðsetningar. Stjórn sammála um að markmið vetrarins sé að halda þrjá fyrirlesta fram á vor sem væru þá einn fyrir iðkendur, einn fyrir þjálfara og einn fyrir stjórnendur.

6) Önnur mál: GGG greinir stjórn frá þeirri hugmynd þeirra félaga GGG og GG að sá fyrrnefndi reyni að komast inná fundi og eða búa til fundi hjá aðildarfélögum UÍA til að sína sig og sjá aðra, ná kontakt við aðila innan félaganna til að styrkja sambandið milli skrifstofu, stjórnar og félaganna. Stjórn fagnar hugmyndinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:00

Fundargerð ritaði Pálína Margerisdóttir